



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA
NORÐURLAND VESTRA

Alþingi

Erindi nr. P 139/1988

komudagur 7. 4. 2011

Alþingi
b.t Samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hvammstanga 29.03.2011

**Efni: Umsögn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um frumvarp til umferðarlaga 495.
Mál**

Stjórn SSNV hefur tekið frumvarpið til umræðu og umsagnar. Stjórnin leggst gegn 4. mgr. 82. greinar frumvarpsins um heimild til sveitarstjórna til gjaldtöku vegna notkunar negldra hjólbarða á nánar tilteknum svæðum, fyrir ákveðið tímabil eða ákveðin skipti. Aðstæður til vetraraksturs eru misjafnar víða um land og því er notkun nagladekkja á ákveðnum landssvæðum mikilvægt öryggisæki. Í ljósi stöðugt hækkandi álaga á bíleigendur er að mati SSNV óráðlegt að auka þær enn frekar. Eðlilegra væri að auka fræðslu og áróður á þeim stöðum þar sem notkun nagladekkja er vandamál.

Ekki eru gerðar frekari athugasemdir við frumvarpið að svo stöddu.

Virðingarfyllt

Jón Óskar Pétursson, framkvæmdastjóri